

Þingflokksfundur Pírata  
Fimmtudaginn daginn 7. september 2017 kl. 14:00 - 17:00  
Nr. 42/2017

**1. Samþykkt fundargerðar**

Fundargerð frá 28. ágúst 2017 samþykkt.

**2. Brif af þingflokksformannafundi**

Skýrsla Einars af þingflokksformannafundi 18. ágúst. Farið yfir dagskrá vetrarins og helstu dagsetningar.

Bókun BJ: Birgitta leggst á móti sérstakri hátíðarathöfn 18. júlí 2018 ef hún á að snúast um eitthvað annað en þjóðina.

**3. Beiðni um fjárframlag til BIEN**

Beiðni frá BIEN vegna ráðstefnu í Norræna húsinu. Samþykkt að styrkja ráðstefnuhaldið um kr. 150.000.

**4. Tillaga að þingflokksþykkt um nefndarskipan á 147. þingi**

Lagðar voru fram tvær breytingatillögur við upprunalegt skjal.

1. GHJ verði varamaður í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.
2. GHJ verði varamaður í utanríkismálanefnd, EB verði varamaður í umhverfis- og samgöngunefnd.

Báðar tillögur voru samþykktar með öllum atkvæðum greiddum. Tillagan í heild sinni var samþykkt svo breytt með öllum atkvæðum greiddum.

Skipan Pírata í fastanefndir á 147. þingi verður sem hér segir.

Allsherjar- og menntamálanefnd: Þórhildur Sunna Ævarsdóttir og Birgitta Jónsdóttir aðalmenn, Björn Leví Gunnarsson og Einar Brynjólfsson til vara.

Atvinnuveganefnd: Smári McCarthy aðalmaður, Einar Brynjólfsson til vara.

Efnahags- og viðskiptanefnd: Smári McCarthy aðalmaður, Eva Pandora Baldursdóttir til vara.

Fjárlaganefnd: Björn Leví Gunnarsson aðalmaður, Ásta Guðrún Helgadóttir til vara.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd: Jón Þór Ólafsson og Eva Pandora

Baldursdóttir aðalmenn, Halldóra Mogensen og Gunnar Hrafn Jónsson til vara.

Umhverfis- og samgöngunefnd: Einar Brynjólfsson aðalmaður, Birgitta Jónsdóttir til vara.

Utánríkismálanefnd: Ásta Guðrún Helgadóttir aðalmaður, Gunnar Hrafn Jónsson til vara.

Velferðarnefnd: Halldóra Mogensen aðalmaður, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir til vara.

**5. Tillaga að þingflokksamþykkt um forgangsmál Pírata á 147. þingi**  
Tímabundin leynd hvílir yfir skjalinu.

Lagðar voru fram tvær breytingatillögur er sneru að orðalagi tveggja greina. Báðar breytingatillögur samþykktar.

Tillagan samþykkt eftir að kosið var um hverja grein fyrir sig.

**6. Tillaga að þingflokksamþykkt um helstu áherslumál Pírata á 147. þingi**  
Tímabundin leynd hvílir yfir skjalinu.

Lögð var fram breytingatillaga um ábyrgðaraðila áherslumála. Samþykkt. Tillagan var samþykkt svo breytt með öllum atkvæðum greiddum.

**7. Tillaga að þingflokksamþykkt um tengilið þingflokks við fjölmiðla**  
Lögð fram tillaga um tengiliði við fjölmiðla. Fram kom breytingatillaga og var hún samþykkt. Tillagan samþykkt svo breytt.

Bókun frá JÞÓ: Almennt séð skal gera greinargerð um hverja grein til að útskýra greinarnar.

**8. Tillaga að þingflokksamþykkt um aukin tengsl við grasrót**  
Tillaga um aukið samstarf og tengsl við grasrót Pírata var samþykkt með öllum atkvæðum.

**9. Tillaga að þingflokksamþykkt um þingflokksformann, varaðingflokksformann og ritara þingflokks**  
Lögð var fram tillaga um verkaskiptingu og ábyrgð þingflokksformanns, varaðingflokksformanns og ritara þingflokks, ásamt reglum um val í þessi embætti.

Lögð var fram breytingatillaga á 5. gr. um að kosning í embætti skyldi vera leynileg. Tillagan felld með 7 atkvæðum gegn 2.

Lögð var fram breytingatillaga á 5. gr. um að kosning í embætti skyldi vera leynileg ef þrír þingmenn eða fleiri óski þess. Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum gegn 3.

Kosið var um hverja grein fyrir sig og voru þær allar samþykktar samhljóða nema 5. gr. sem var felld með 4 atkvæðum gegn 3. Samþykkt að fresta umræðum og vinna nýja tillögu að 5. gr. utan fundarins.

Bókun JÞÓ: Ég mun vera með grasrótarfund um þetta almenna málefni sem heyrir að gagnsæi við ákvörðunartöku í þingflokki Pírata og hvernig það samræmist best grunnstefnu Pírata.

**Bókun JÞÓ: Sjá fylgiskjal 1**

#### **10. Tillaga að þingflokksamþykkt um fundarsköp þingflokksfunda**

Lögð fram tillaga um fundarsköp þingflokksfunda Pírata. Breytingatillaga kom fram við 11. gr. og við 12. gr.

Breytingatillaga við 11. gr. felld á jöfnu, 1 atkvæði gegn 1. Aðrir sátu hjá. Breytingatillaga við 12. gr. samþykkt samhljóða. Tillagan samþykkt samhljóða svo breytt.

#### **11. Önnur mál**

##### **A. Dagatöl þingmanna**

Áminning til þingmanna um deilingu dagatala með starfsfólki þingflokksins.

##### **B. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna**

Ákveðið að velja fulltrúa Pírata á næsta þingflokksfundi.

##### **C. Fundir með Pírötum í Reykjavík**

Tölvupóstur frá Pírötum í Reykjavík þar sem þingmenn Pírata eru boðnir velkomnir á fundi borgarpírata.

##### **D. Skýrslubeiðni til Ríkisendurskoðunar um tölvukerfi og upplýsingatæknimál ríkisins**

Samþykkt að allir þingmenn Pírata leggji tillöguna fram.

**E. Áskorun til íslenskra stjórnvalda um að gerast aðilar að nýjum samningi um bann við kjarnavopnum**

Ákveðið að EPB og ÞSÆ vinni að ályktun fyrir þingflokkinn vegna þessa máls.

**F: Evrópuráðsþingið**

ÞSÆ upplýsti þingflokk um gang mála á Evrópuráðsþinginu

**G: Væntingar til mætingar þingmanna á þingflokksfundi**

Frestað.

**H: Stefnuræður**

Samþykkt að BJ, EPB og ÞSÆ flytji ræður eftir stefnuræðu forsætisráðherra.

## Fylgiskjal 1: Bókun Jón Þórs við lið 9

Að neðan eru sjónarmið með vísan í grunnstefnu Pírata fyrir því að hafa ákvarðanatöku í þingflokkinum gagnsæja.

Það er mikilvægt að þingflokkur Pírata sé til fyrirmyndar í að starfa eftir grunnstefnu flokksins.

### Góðar meginreglur við gerð reglna:

- Hvaða sjónarmið er reglan að koma til móts við?
- Er reglan nauðsynleg eða eru mögulega aðrar leiðir til að koma til móts við sjónarmiðið?
- eru jákvæð áhrif reglunnar meiri en neikvæð áhrif?
- eru áhrifin af reglunni afturkræf?
- Hvað af því sem verður fyrir áhrifum skal vega þyngra og njóta vafans?

## Grunnstefna Pírata

### 1. Gagnrýnin hugsun og upplýst stefna

1.1 Píratar leggja áherslu á gagnrýna hugsun og vel upplýstar ákvarðanir.

Aðeins hægt að meta hvort ákvarðanir voru vel upplýstar og við þær hafi verið beitt gagnrýninni hugsun ef þær eru gagnsæjar.

1.2 Í þessu felst að Píratar móti stefnu sína í ljósi gagna og þekkingar sem er aflað óháð því hvort tillaga virðist í fyrstu æskileg eða ekki. Afstaða Pírata til hugmynda er óháð því hverjir talsmenn hennar eru.

1.3 Fyrri ákvarðanir Pírata þurfa alltaf að geta sætt endurskoðun.

1.4 Réttur einstaklinga til að leita þess að verða upplýstir skal aldrei skertur.

### 2. Borgararéttindi

2.1 Píratar beita sér fyrir eflingu og verndun borgararéttinda.

2.2 Útvíkkun borgararéttinda skal miða að styrkingu annarra réttinda.

2.3 Standa þarf vörð um núverandi réttindi og gæta þess að þau séu ekki skert.

2.4 Píratar telja að borgararéttindi tilheyri einstaklingum, og að réttur hvers og eins sé jafn sterkur.

### 3. Friðhelgi einkalífsins

3.1 Friðhelgi einkalífsins snýst um vernd hinna valdaminni frá misbeitingu hinna valdameiri.

3.2 Píratar telja að allir einstaklingar eigi rétt á friðhelgi í sínu einkalífi.

3.3 Til friðhelgi telst réttur til leyndar og nafnleysis, og sjálfsákvörðunarréttur.

3.4 Leynd á aldrei að ná lengra en þörf er til að vernda einstaklinginn, og aldrei svo langt að það hafi áhrif á aðra einstaklinga.

Almennur kjósandi þarf leynd yfir atkvæði sínu til að verða ekki fyrir kúgun við sína ákvörðun.

3.5 Nafnleysi hefur ekki þann tilgang að skjóta einstaklingi undan ábyrgð. Ómögulegt er að halda fólki til ábyrgðar fyrir nafnlausar ákvarðanir sínar.

#### 4. Gagnsæi og ábyrgð

4.1 Gagnsæi snýst um að opna hina valdameiri gagnvart eftirliti hinna valdaminni.

Almennur kjósandi er valdaminni en kjörnir fulltrúar.

Grasrót Pírata er valdaminni en þingmenn flokksins.

Almennur þingmaður þingflokks er valdaminni en meirihlutavilji þingflokksins.

4.2 Píratar telja gagnsæi eiga mikilvægan þátt í að almenningur sé upplýstur og þar af leiðandi hæfur til lýðræðislegrar ákvörðunartöku.

Ef ákvarðanir um skipanir þingflokks í stjórnir, ráð og embætti eru leynilegar geta kjósendur og félagsmenn ekki metið hvort þær mikilvægu ákvarðanir voru faglegar eða pólitík, og því ekki metið á upplýstan hátt hvort þú fái aftur þeirra atkvæði.

4.3 Upplýsingar eiga að vera aðgengilegar almenningi.

4.4 Upplýsingar skulu vera aðgengilegar á opnum gagnasniðum, á því formi sem er hentugast upp á notagildi upplýsinganna.

4.5 Til að einstaklingur geti borið ábyrgð þarf hann að hafa getu til að taka ákvarðanir.

4.6 Píratar telja að allir hafi óskoraðan rétt til aðkomu að ákvörðunum sem varða eigin málefni, og rétt til vitneskju um það hvernig slíkar ákvarðanir hafi verið teknar.

Vitneskja um hve faglegar og vel upplýstar ákvarðanir þingmanna þingflokksins voru við skipanir varðar grasrót Pírata.

Hverja meirihluti þingflokksins ákveður að skipa í embætti sem starfar fyrir, í umboði og á ábyrgð þingflokksins varðar alla þingmenn hans.

#### 5. Upplýsinga- og tjáningarfrelsi

5.1 Takmörkun á frelsi fólks til að safna og miðla upplýsingum er óásættanleg, nema til verndar borgararéttindum einstaklinga.

5.2 Takmörkun á frelsi fólks til að tjá sig er óásættanleg, nema til verndar borgararéttindum einstaklinga.

#### 6. Beint lýðræði og sjálfsákvörðunarréttur

6.1 Píratar telja að allir hafi rétt til að koma að ákvarðanatöku um málefni sem varða þá.

6.2 Réttur er tryggður með styrkingu beins lýðræðis og eflingu gegnsærrar stjórnsýslu.

6.3 Píratar telja að draga þurfi úr miðstýringu valds á öllum sviðum og efla þurfi beint lýðræði í þeim formum sem bjóðast.

### Önnur sjónarmið.

- Stundum líður fólki ekki nógu vel til að kjósa einstaklinga án þess að gera það lokað. Einhverjir gætu upplifað meiri ábyrgð í starfi og þæginda.